

## REGLUGERÐ

**um málsmeðferð við beitingu tiltekinna innlendra tæknireglna vegna löglega markaðssettrar vöru í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu.**

### 1. gr.

*Innleiðing á EES-gerð.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirfarandi EES-gerð:

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 764/2008 frá 9. júlí 2008, um málsmeðferð við beitingu tiltekinna innlendra tæknireglna vegna löglega markaðssettrar vöru í öðru aðildarríki og um niðurfellingu á ákvörðun 3052/95/EB, sem birt var í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 27. september 2012, bls. 648, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2012, sem birt var í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63, 8. nóvember 2012, bls. 5.

### 2. gr.

*Gildissvið o.fl.*

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um reglur og málsmeðferð sem lögbær yfirvöld hér á landi eiga að fylgja þegar þau taka ákvörðun eða hyggjast taka ákvörðun, sbr. 2. mgr., sem myndu hindra frjálsa flutninga á vöru sem er löglega markaðssett í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

Stjórnvaldsákvörðun sem er beint til rekstraraðila, hvort sem hún er tekin eða fyrirhuguð, á grundvelli tæknireglu eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 764/2008, ef bein eða óbein áhrif ákvörðunarinnar eru bann við því að setja þá vöru eða vörutegund á markað, breyting eða viðbótarprófun á vörunni eða vörutegundinni áður en hægt er að setja hana á markað eða halda henni á markaðnum, varan eða vörutegundin er tekin af markaðnum.

### 3. gr.

*Vörutengiliðir, gagnkvæm aðstoð o.fl.*

Vörutengiliðir skulu, m.a. að beiðni rekstraraðila eða lögbærra stjórnvalda í öðru aðildarríki, sbr. 2. gr., veita upplýsingar m.a. um tæknireglur sem gilda um tiltekna vöru á yfirráðasvæðinu þar sem þessir vörutengiliðir hafa staðfestu, hvort vörutegundin fellur undir kröfu um fyrirframleyfi samkvæmt lögum aðildarríkis þeirra svo og allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar sem nánar er kveðið á um í 2. kafla reglugerðar (EB) nr. 764/2008.

Vörutengiliður á Íslandi er atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Um starfsemi, réttindi og skyldur vörutengiliða fer að öllu leyti eftir ákvæðum í 3. kafla reglugerðar (EB) nr. 764/2008.

### 4. gr.

*Neytendastofa og eftirlitsstjórnvöld.*

Eftirlitsstjórnvöld með vöru bera ábyrgð hver á sínu sviði með markaðseftirliti á vörum í samræmi við lög og reglugerðir sem þau fara með framkvæmd á og teljast því lögbær yfirvöld í skilningi þessarar reglugerðar. Eftirlitsstjórnvöld skulu við málsmeðferð við beitingu tiltekinna innlendra tæknireglna vegna löglega markaðssettrar vöru í öðru aðildarríki beita ákvæðum þessarar reglugerðar telji þau ástæðu til að fresta tímabundið eða varanlega markaðssetningu vöru sem löglega hefur verið markaðssett í öðru EES-ríki eða á annan hátt hafa í hyggju að taka stjórnvaldsákvæðanir sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

Tollayfirvöld hafa eftirlit og bera ábyrgð á framkvæmd ákvæða 27.-29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 og aðstoða eftirlitsstjórnvöld á sviði markaðseftirlits með vörum í samræmi við ákvæði laga og reglna settra samkvæmt þeim.

Neytendastofa ber ábyrgð í samræmi við löggjöf sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar. Neytendastofa veitir jafnframt rekstraraðilum og öðrum stjórnvöldum aðstoð vegna beitingar reglugerðar þessarar í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt.

Nr. 74

9. janúar 2014

5. gr.

*Stjórnsýsla, viðurlög o.fl.*

Um stjórnsýsluúrræði, málsmeðferð, viðurlög o.fl. fer eftir IV. og V. kafla laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við getur átt, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 27. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum, og með hliðsjón af lögum nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 9. janúar 2014.*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2014